

Nd.

325. Fyrirspurn

[173. mál]

til iðnaðarráðherra um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

1. Hvernig eru áætlanir ríkisstjórnarinnar um hitaveituframkvæmdir um allt land? Hverjir verða árlegir áfangar? Hver verður árlegur kostnaður og hvernig verður hann fjármagnaður?
 2. Hverjar eru áætlanir ríkisstjórnarinnar um rafhitun húsa um land allt þar sem jarðvarmi er ekki tiltækur? Hverjir verða árlegir áfangar? Hver verður árlegur kostnaður og hvernig verður hann fjármagnaður?
- Fyrirspurninni óskast svarað með skýrslu í neðri deild Alþingis skv. 32. gr. þingskapa.